

Samkomulag um greiðslu kostnaðar vegna mögulegra skemmda á húsnæði í eigu Félagbústaða hf. að Skeggjagötu 1

Aðilar samkomulags þessa eru annars vegar velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, Reykjavík (kt. 530269-7609) og hins vegar Félagbústaðir hf., Pönglabakka 4 Reykjavík (kt. 510497-2799).

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tryggir Félagbústöðum hf. greiðslur vegna skemmda/slæmrar umgengni á húsnæðinu að Skeggjagötu 1. Um er að ræða húsnæði fyrir sex íbúa og er það rekið sem sérstakt tímabundið húsnæði. Skilyrði er að Félagbústaðir hafi krafið leigutaka um greiðslu vegna skemmda sem orðið hafa og því ekki sinnt innan 45 daga.

Rekstur heimilisins og þjónusta við leigutaka er í höndum Vesturmiðstöðvar og er samrekið með Njálsgötu 74 Alltaf verður a.m.k einn starfsmaður á vakt í úrræðinu. Leigusamningur og þjónustu- og búsetusamningur verður gerður til þriggja mánaða í senn þrátt fyrir ákvæði í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði um að samningar skuli almennt vera gerðir til að lágmarki sex mánaða í senn.

Aðilar framkvæma úttekt á ástandi húsnæðisins í byrjun leigutíma sem staðfest er af báðum aðilum. Félagbústaðir hf. munu nýta heimild sína sem leigusali til eftirlits með ástandi húsnæðisins og meðferð þess, sbr. 41. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Í 6. gr. samkomulags velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Félagbústaða hf. vegna samstarfs aðila er varðar félagslegar leiguíbúðir í Reykjavíkurborg í eigu eða umsýslu Félagbústaða hf, dags. 19. nóvember 2014, kemur eftirfarandi fram:

Leigjandi ber óskipta bótaábyrgð gagnvart Félagbústöðum hf. á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því í samræmi við XIII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Félagbústaðir hf. krefja leigutaka um greiðslu vegna tjóns sem unnið var á húsnæðinu meðan á leigutíma stóð. Ef eigi hefur reynst unnt að innheimta kröfuna hjá leigutaka ábyrgist velferðarsvið greiðslu vegna tjóns sem nemur allt að tveggja mánaða leigugreiðslum. Félagbústaðir hf. senda velferðarsviði rökstudda kröfu um bætur ásamt niðurstöðum ítarlegrar ástandsskoðunar viðkomandi íbúðar.

Þrátt fyrir framangreint ákvæði í 6. gr. framangreinds samkomulags mun velferðarsvið ábyrgjast greiðslu tjóns þó að fjárhæð verði hærrí en sem nemur tveggja mánaða leigugreiðslum. Hámark þeirrar fjárhæðar sem velferðarsvið ábyrgist nemur 20 m.kr. á gildistíma samkomulags. Hvað varðar vanskil á leigu er vísað til verklags um vanskil húsaleigu dagsett 14. febrúar 2024.

Samkomulag þetta gildir þann tíma sem vinna starfshóps um sjálfbærni Félagbústaða stendur yfir en þó aldrei lengur en til tólf mánaða frá undirritun.

Samkomulag þetta er er gert í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

F.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

F.h. Félagbústaða